

Skýrsla stjórnar Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar starfsárið 2001-2002

flutt á almennum fundi 27. júní 2002

Stjórnarmenn!

Ágætu rótarýfélagar!

Fimmtugasta og fimmta starfsár Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar er senn fullt. Á næsta reglulega fundi eftir viku, 4. júlí, verða stjórnarskipti. Við skulum í dag líta yfir farinn veg og rifja upp hvað við höfum sældað saman á árinu.

Klúbburinn kom saman á 49 fundum og við fengum að heyra 43 erindi sem öll voru áhugaverð og sum frábær. Þar af voru 6 starfsgreinaerindi flutt af okkar fólki og sýndu þau að í klúbbum er saman komin mikil og safarík starfsþekking. Stjórnarfundir urðu 14, þar af tveir til undirbúnings áður en núverandi stjórn tók við.

Fyrsta verk mitt í starfi, raunar áður en ég fékk forestakeðjuna um hálsinn, var að sitja fyrir okkar hönd stofnfund nýs klúbbs í grafarvogi 19. júní 2001. Þangað fór einnig félagi okkar Skúlí Þórsson en hann situr í útbreiðslunefnd á vegum umdæmisins. Þetta var einkar ánægjuleg stund og minnti mig á hve nauðsynlegt er að rækta sambandið við aðra klúbba, þó ekki væri nema með því að fara stöku sinnum á fund utan heimaklúbbs. Það eykur ef svo má að orði komast velvild og vinarhug.

Önnur samkoma sem ég sótti ásamt Haraldi Sigurðssyni, ritara var ekki síður ánægjuleg en það var umdæmisþing í Árbæ, haldið 29.-30. júní 2001. Ég hef áður gert grein fyrir þinginu úr þessari pontu, en vil aðeins minna á að þar var félagi okkar Bjarni Þórðarson tilnefndur umdæmisstjóri starfsárið 2003-2004. Það er mikill heiður fyrir klúbbinn og tilhlökkunarefni að halda umdæmisþing vorið 2004, en jafnframt krefst það samstilltra krafta allra klúbbfélaga að baki Bjarna. Þetta verður fimmta umdæmisþingið sem R.H. heldur. Fyrri umdæmisþing sem klúbburinn hélt voru 1952 á Þingvöllum, 1966 á Laugarvatni, 1975 einnig á Laugarvatni og 1988 í Hveragerði.

Alþjóðaforseti Rótarý Richard D. King til landsins á heimsreiðu milli rótarýklúbba ásamt konu sinni Cherie. Haldinn var hátíðarfundur þeim til heiðurs 18. ágúst 2001 á hóteli Sögu og fór ég til fundarins fyrir okkar hönd ásamt forsetum 18 annarra klúbba. Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar kom sterkur til þeirrar veislu því að við vorum tíu. King, alþjóðaforseti, var hrókur alls fagnaðarins. Til dæmis söng hann að mestu þann boðskap sem hann hafði að flytja og fór létt með, því að hann er margreyndur skemmtikraftur og söngvari auk þess að stunda löfræðistörf. Þarna vorum við íslensku félagarnir minntir á það að rótarýhreyfingin er mikilvægur alþjóðlegur félagsskapur sem vissulega vinnur að mörgum góðum málum á heimsvísu og við getum verið stoltir af að eiga hlut í.

Eyjólfur Sæmundsson skipulagði og stýrði gönguferð sem farin var 1. september 2001. Farið var af Bláfjallavegi um Grindaskörð yfir Brennisteinsfjöll, í Kistufellsgíg hjá Eldborg vestur að Kleifarvatni. Eftir slagveður í byrjun, þornaði upp og var heiðskýrt og fagurt í lok ferðar. Gengið var í níu tíma. Átján gengu og reikningsglöggir menn fundu út að þetta hefði bara verið hálf tími á mann. Þó voru margir þreyttir í lokin.

Umdæmisstjóri, Eysteinn Tryggvason, úr Rótarýklúbbi Húsavíkur vísiteraði klúbbinn 18. október ásamt konu sinni Guðnýju Jónsdóttur. Tekið var á móti Umdæmisstjóra með virktum og komu allir nefndaformenn til sérstaks fundar með honum þar sem farið var yfir störf okkar klúbbs. Eysteinn var ánægður með heimsóknina og klúbbinn og staðfesti það í þakkarbréfi sem hann sendi okkur heim kominn.

Árshátíð klúbbsins var haldin á veitingastaðnum Skútunni 20. október 2001. Formaður skemmtinefndar, Hallgrímur Jónasson, skipulagði hátíðina en hátíðarrabbannaðist Jóhann Guðni Reynisson, þá nýgenginn til liðs við okkur. Tókst veislan í alla staði mjög vel og staðfesti enn og aftur að maður er manns gaman. En gamanið verður að rækta eins og annað ef vel á að þrífast.

Jólafundurinn var einkar hátíðlegur. Hann var að þessu sinni haldinn í nýjum samkomusal í Haukahúsinu á Ásvöllum 20. desember 2001. Þar er vítt til veggja og hátt til lofts og var stemningin eftir því. Fyrirlesari á fundinum var Jóhanna Kristjónsdóttir blaðakona og rithöfundur og las hún kafla úr bók sinni Insjallah, sem útleggst: Ef guð lofar. Séra Einar Eyjólfsson flutti hugvekjju og sunginn var sálmur í aðdraganda jólanna. Enn höfðu Hallgrímur Jónasson og hans nefndarmenn unnið góða undirbúningsvinnu sem skilaði sér í vellíðan veislugesta.

Á jólafundinum voru tveir félagar sæmdir Paul Harris-nafnbót með viðeigandi skjölum og merkjum. Það voru þeir Jón Bergsson og Guðmundur Friðrik Sigurðsson.

Einn er sá árlegi atburður sem ekki síst léttir blæinn á starfinu, en það er sona- og dætrafundurinn. Hann var að þessu sinni 27. desember 2001 og var haldinn á neðri hæðinni í veitingastaðnum Gaflinum, okkar samastað. Gaman var að horfa yfir fríðan hóp barna og barnabarna félaganna en veg og vanda af móttökunni hafði að venju skemmtinefnd.

Annað sem lyftir skammdegismyrkrinu nokkuð af og ég vil nefna þótt ekki sé það á kreditkorti klúbbstjórnarinnar eru svonefndir Stórtónleikar Rótarý sem haldnir hafa verið á hverju ári frá 1998. Tónleikarnir voru haldnir í Salnum í Kópavogi föstudag 11. og laugardag 12. janúar 2002. Félagar úr okkar klúbbi fjölmenntu á fyrri tónleikana. Við náðum að fylla eina sætaröð. Þarna syngja og leika alla jafna efnilegustu ungu listamenn þjóðarinnar undir stjórn Jónasar Ingimundarsonar píanóleikara. Ýmist eru þeir enn við erlenda tónlistarskóla eða nýkomnir frá námi. Þetta er skemmtun á heimsmælikvarða og fær alþjóðastrenginn í rótarýhjartanu til að hljóma.

Enn tók skemmtinefnd duglega á vetrarstarfinu og hélt þorablót að kvöldi 31. janúar 2002. Það var haldið í veitingahúsinu. Driffjaðrirnar voru Hallgrímur Jónasson og Guðmundur Friðrik. Óvæntar tafir urðu á því að sjálf veislan gæti hafist vegna landsleiks Íslands og Þýskalands í handbolta sem fram fór þetta kvöld á boðuðum upphafstíma fundarins. Skemmtinefndarmenn útveguðu þá stóran skjá og horfðu þrúðbúnir veislugestir á allan leikinn. Þetta varð sætur forréttur því að við unnum Þjóðverjana. Svo var unað við mat og drykk fram eftir kvöldi.

Eitt klúbbþing var haldið í vetur og var það kvöldfundur, haldinn á neðri hæð Gaflsins. Þrjú félagar fluttu framsöguerindi og var efni hvers þeirra brotið til mergjar í kraftmiklum umræðum félaga eftir hvert erindi.

Einar Eyjólfsson hugleiddi breyttar áherslur í starfi Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar fyrir aldraða innan Sólvangsnefndar sem starfar í klúbbnum.

Skúli Þórsson talaði um Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar og reifaði meðal annars fjárstyrk Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar til söfnunarstarfs Krabbameinsfélagsins.

Bjarni Þórðarson, nýtilnefndur umdæmisstjóri 2003-2004 ræddi um rótarýstarfið í bráð og lengd. Hann varpaði fram fjórtán spurningum sem urðu kveikja að líflegum umræðum.

Þingið þótti treysta innviði klúbbstarfsins en varð Guðbjarti tilefni til að gagnrýna að það hefði ekki verið haldið fyrir á starfsárinu svo að það gæti komið stjórn betur að gagni í störfum hennar. Ef til vill mætti halda tvö klúbbþing á vetri eða fleiri því að vissulega kvikna þar hugmyndir sem gagnast stjórn, en ég sé ekki að það skipti máli hvort klúbbþing er haldið seint eða snemma vetrar. Góðar hugmyndir lifa eftir að þær eru komnar fram og koma að gagni þótt ný stjórn taki við.

Eins og Skúli Þórsson lagði til á klúbbsþinginu var samþykkt í stjórn klúbbsins og stjórn framkvæmdasjóðs að leggja 250 þúsund krónur til tækjakaupa fyrir ristilskoðunardeild St.Jósefsspítala í Hafnarfirði. Skúli annast raunar og ávaxtar fé Framkvæmdasjóðs um þessar mundir. Við stutta móttöku í spítalanum 10. maí 2002 voru afhent þakkarskjöl. Ég tók á móti skjalinu fyrir okkar hönd en varð ekki síður glaður og stoltur yfir því að fjórir klúbbsfélagar tóku þar á móti þakkarskjölum fyrir framlög í eigin nafni eða fyrirtækja sinna. Það voru þau Gunnhildur Sigurðardóttir ásamt dætrum sínum, en hún var jafnframt var heiðruð sérstaklega fyrir skelegga framgöngu í undirbúningsstarfi fyrir deildina, Skúli Þórsson, Hjalti Jóhannsson og Almar Grímsson ásamt Önnu konu sinni.

Sólvangsnefnd, undir formennsku Einars Eyjólfssonar stóð 16. maí 2002 fyrir skemmti- og kaffisamsæti fyrir Félag eldri borgara í nýju félagsheimili þeirra, Hraunseli, að Flatahrauni 3. Þetta er árleg hefð og þótt rætt hafi verið um nýjar áherslur í starfi klúbbsins fyrir eldri borgara, meðal annars á klúbbsþinginu, var ákveðið að víkja ekki frá hefðinni nú hver sem þróunin kann að verða. Með Einari vann Almar Grímsson að undirbúningi. Sjálfur sýndi ég litskyggnur og talaði um byggingarlist í Reykjavík. Jóhann Guðni flutti frumort ljóð og tvö ungmenni utan klúbbs sungu. Eftir dagskrána var veitt kaffi og bakkelsi og tóku rótarýfélagar duglega til hendinni við að dreifa veitingunum á borðin. Um eða yfir 200 eldri borgarar komu til þessa kaffisamsætis og gerðu þeir góðan róm að dagskrá og veitingum.

Skógræktarferð var farið 25. maí að frumkvæði Björns Árnasonar formanns landgræðslunefndar. Þegar hann minntist fyrst á þennan dag þótti mörgum kyndugt að ætla að leggjast í landgræðslu á sjálfan kosningadaginn til sveitarstjórna, en við nánari umhugsun komust menn að því að enn væri þetta ekki formlegur þjóðhátíðardagur svo að slag var látið standa og menn kusu ýmist fyrir eða eftir gróðursetningu. Jón Vignir Karlsson og kona hans Hjördís Ingvarsdóttir veittu jarðræktarfólkinu vel í kaffi og vöflum með rjóma í sumarhúsi sínu þarna í nánd. Veður var dýrðlegt góð þáttaka og allir undu glaðir við afrek dagsins.

Enda þótt það sé ekki beint á afrekaskrá stjórnarinnar get ég ekki látið hjá líða að minnast á undirbúning sem staðið hefur í allan vetur að ferð klúbbsins til Nýja Íslands í ágúst 2002. Undirbúningurinn hefur hvílt á hvatamanni og skipuleggjanda ferðarinnar Almari Grímssyni og hefur sannarlega sett léttan eftirvæntingarblá á allt starf vetrarins. Jónas Þór, sagnfræðingur hélt erindi um Vesturfarana á einum reglulegum klúbbsfundum og þeir sem fara á ferðina fengu tvo sérstaka fyrirlestra hjá honum í apríl.

Fyrsta júní sl. hélt Inner Wheel umdæmisþing og að þessu sinni á vegum klúbbsins í Hafnarfirði þar sem Anna Björk Guðbjörnsdóttir var Umdæmsstjóri. Þannig kemur þetta við sögu hjá okkur, að mér sem forseta Rótarýklúbbs Hafnarfjarðarvar boðið að ávarpa þingið og þáði ég þann heiður. Þetta eru nú einu sinni konurnar okkar.

Æskulýðsnefnd, undir formennsku Gylfa Sigurðssonar, hefur haft einn skiptinema á sinni könnu þetta starfsár, en það er svissneskur unglingur, Gabríel Roth. Gabríel hefur sinnt öllum sínum skyldum og er nú í fóstri hjá fjölskyldu Steinars Steinarssonar, félaga okkar. Hann fer af landi brott í lok júlí og mun ávarpa okkur á fundi áður en hann fer.

Piltur fer til Ástralíu á okkar vegum næsta vetur, Ólafur Garðar Halldórsson, Brekkugötu 12.

Við eigum von á nýjum skiptinema fyrir næsta starfsár en það er frönsk stúlka, Julie Charlier að nafni. Hún kemur til landsins í ágúst ef að líkum lætur og dvelur fyrst í stað á heimili Ólafs.

Sumarstúlku sendum við til Slóvakíu í tvær vikur nú í sumar, Katrínu Jónsdóttur, dóttur Hallfríðar Helgadóttur, félaga okkar.

Umdæmisþing var haldið á Skútustöðum í Mývatnssveit dagana 9-11. júní sem er óvenju snemma að þessu sinni. Fulltúrar okkar á þinginu voru verðandi forseti, Almar Grímsson og verðandi ritari, Sigurður Hallgrímsson. Bjarni Þórðarson og Guðmundur Rúnar Ólafsson styrktu okkar fulltrúa með þingsetu. Einnig fór skiptineminn, Gabríel, til þingsins. Fulltúrar létu vel af þinghaldi í fögru veðri og einstöku umhverfi.

Reikningar starfsársins verða lagðir fram á stjórnarskiptafundinum í næstu viku þar sem gjaldkeri, Hjördís Guðbjörnsdóttir, gengur nú á Alpa tindum hám en kemur heim um helgina.

Í samræmi við mikla brýningu alþjóðaforseta um fjölgun félaga höfum við boðið sjö nýjum félögum í klúbbinn á þessu starfsári og þykjumst hafa styrkt innviði hans verulega með því mannváli. Þeir eru Kjartan Jóhannsson, Helgi Ásgeir Harðarson, Anna Birna Almarsdóttir, Reynir Guðnason, Sigurður Haraldsson, Gunnar Gunnarsson og Hallfríður Helgadóttir. Við stærum okkur líka af því að hafa fjölgað konum um 100 % á starfsárinu. Þær eru nú fjórar á meðal okkar.

Á móti vaxtyarbroddinum koma óvenju mörg dauðsföll í klúbbnum á starfsárinu en fimm félagar létust á árinu, þar af voru fjórir heiðursfélagar. Þeir eru Stefán Jónsson, Þórður Björgvin Þórðarson, Stefán Júlíusson, Jón Magnússon og Eiríkur Pálsson. Auk þess féll frá fyrrverandi félagi, Þorbergur Ólafsson. Við minnumst þessarra látnu félaga með virðingu og þökk.

Mér finnst við hæfi að ljúka þessu yfirliti líkt og það byrjaði á því að minnast tveggja gleðilegra atburða.

19. júní 2002 sat ég á fullgildingarhátíð Rótarýklúbbsins Grafarvogur ásamt Almari Grímssyni verðandi forseta, Bjarna Þórðarsyni verðandi umdæmisstjóra og Skúla Þórssyni nefndarmanni í útbreiðslunefnd umdæmisins.

22. júní 2002 skipulagði Eyjólfur Sæmundsson fjölskyldugöngu í Húshólma í Ögmundarhraun í samvinnu við Rótarýklúbbinn Straum. Veður var dýrðlegt og þáttaka utan áður þekktum marka eðpa 46 manns að börnum meðtöldum. Held ég að óhætt sé að fullyrða að allir þáttakendur hafi notið göngunnar til fulls undir leiðsögu Eyjólfs og Jónatans Garðarssonar frá Straumi.

Ég gleddist ef það sama yrði sagt um samfylgd okkar klúbbfélaga þetta starfsár.

Sigurþór Aðalsteinsson